

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Magnús Friðrik Óskarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. september 1986 kl. 17:00.

Kærði skal á gæsluvarðhaldstímanum sæta rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi.

Þriðjudaginn 3. júní 1986.

Nr. 79/1985. **Þuríður Sævarsdóttir**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Skattar. Lögtak. Kvaðaarfur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. apríl 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 29/1885. Áfrýjandi krefst þess að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði felld úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með erfðaskrá 26. júní 1964 arfleiddi Thyra Loftsson dóttur-dóttur sína, áfrýjanda máls þessa, að 15/16 hlutum húseignarinnar nr. 19 við Sóleyjargötu hér í borg, en mælti jafnframt fyrir um að eftir fráfall sitt mætti eigi selja eða veðsetja eignina fyrr en í fyrsta lagi 1998. Thyra Loftsson andaðist 23. október 1970. Við lok skipta á dánarbúi hennar var þinglýst skiptayfirlýsingu og var arfur áfrýjanda þar bundinn þeirri kvöð að ekki mætti selja hana eða veðsetja „fyrir en í fyrsta lagi árið 1998.“

Dómsmálaráðuneytið veitti heimild sína 22. desember 1982 til þess að áfrýjandi seldi eignina nr. 19 við Sóleyjargötu enda yrði kvöðin lögð á tvær fasteignir sem keyptar voru í hennar stað, þ.e. þriggja herbergja íbúð að Álfaskeiði 86 í Hafnarfirði og miðhæð hússins nr. 86 við Hverfisgötu hér í borg.

Samkvæmt veðbókarvottorði er áfrýjandi þinglesinn eigandi að miðhæð hússins nr. 86 við Hverfisgötu og er þinglesin kvöð á eignarhlutanum svohljóðandi:

„Skal vera séreign Þuriðar, en við lát hennar ganga til barna hennar ef hún á einhver börn, ella skal eignin ganga til Bjargar Pálmadóttur, og einnig vera séreign hennar. Eignina má ekki selja né veðsetja fyrr en 1998.“

Við álagningu opinberra gjalda árið 1984 var áfrýjanda gert að greiða tekjuskatt 20.999,00 krónur, útsvar 10.040,00 krónur, eignarskatt 18.974,00 krónur og kirkjugarðsgjald 211,00 krónur eða samtals 49.974,00 krónur. Áfrýjandi stóð ekki skil á greiðslu gjalda þessara. Stefndi tilkynnti áfrýjanda 8. september 1984 að skuldin væri gjaldfallin og lögtakskræf og 5. nóvember s.á. krafðist hann lögtaks í greindri fasteign áfrýjanda hér í borg til tryggingar kröfu sinni er nam þá með dráttarvöxtum 51.347,00 krónum.

Lögtakið fór síðan fram svo sem greinir í hinni áfrýjuðu lögtaksgerð.

Kröfur sína byggir áfrýjandi í fyrsta lagi á því að framkvæmd lögtaksgerðarinnar hafi verið andstæð lögum. Áfrýjandi hafi ekki verið viðstaddur er gerðin fór fram og enginn af hans hálfu. Fógeti hafi ekki skipað honum réttargæslumann en það sé andstætt 34. gr. laga nr. 19/1887 um aðför, sbr. 2. mgr. 45. gr. og 24. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Þá er krafa áfrýjanda byggð á því að lögtak hafi ekki mátt fara fram í eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni nr. 86 við Hverfisgötu því að hann sé undanþeginn aðför, sbr. 29. gr. laga nr. 19/1887. Eignarhlutinn sé bundinn þeirri kvöð samkvæmt erfðaskrá að ekki megi selja hann eða veðsetja fyrr en í fyrsta lagi árið 1998. Kvöð þessi hafi verið löglega á lögð og gildi hún um allar fjárkröfur og hafi skattakröfur sem þessar þar enga sérstöðu.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að nokkrir annmarkar séu á

hinni áfrýjuðu lögtaksgerð. Einnig er því haldið fram að kvöð sú, sem lögð var á eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni nr. 86 við Hverfisgötu, gildi aðeins um samninga á sviði einkamálaréttar og svipti stefnda, sem er opinber innheimtustofnun, ekki rétti til að gera lögtak í umræddri eign áfrýjanda.

Eigi verður talið að það, eitt út af fyrir sig, valdi ógildingu hinnar áfrýjuðu lögtaksgerðar, þótt áfrýjandi hafi ekki verið viðstaddur hana og fógeta eigi tekist að finna áfrýjanda réttargæslumann, enda hefur það ekki leitt til réttarspjalla í málinu.

Svo sem fyrr er rakið, er eignarhluti áfrýjanda í fasteigninni nr. 86 við Hverfisgötu í Reykjavík bundinn þeirri kvöð, í samræmi við ákvæði erfðaskrár, að eigi má selja hann eða veðsetja fyrr en í fyrsta lagi árið 1998. Ákvæði þetta, sem gilt er að lögum samkvæmt 52. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og 29. gr. aðfararlaga nr. 19/1887, verður að túlka þannig, að skuldheimtumenn geti ekki leitað fullnustu í hinum kvaðabundna arfi umfram það er í 3. mgr. 51. gr. erfðalaga greinir. Í þessu tilliti eru engin sérákvæði í lögum um persónubundnar skattakröfur og verður því að skipa slíkum kröfum á bekk með kröfum annarra skuldheimtumanna. Kröfur þær, sem lögtak var gert fyrir í máli þessu, voru allt persónulegir skattar áfrýjanda, og þar sem óumdeilt er, að hann hafi þegar gildið fasteignaskatt af hinni kvaðabundnu eign, verður að fella hið áfrýjaða lögtak úr gildi og dæma stefnda til að gjalda áfrýjanda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Þuríði Sævarsdóttur, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ákvæði laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar hafa að geyma nokkur ákvæði um framkvæmd lögtaks en samkvæmt 7. gr. laganna skal lögtak að öðru leyti fara

fram eftir ákvæðum laga nr. 19/1887 um aðför. Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. þeirra laga tálmar það eigi aðför þótt gerðarþoli sé ekki viðstaddur en fógeta ber að skora á þargreinda aðila að taka málstað gerðarþola. Með dómi Hæstaréttar frá 13. janúar 1971 (XLII bls. 1) var lögtaksgerð felld úr gildi m.a. af þeirri ástæðu að gerðarþola hafði ekki verið skipaður réttargæslumaður. Tel ég dóm þennan hafa fordæmisgildi um skýringu á ákvæði 34. gr. laga nr. 19/1887, sbr. og dóma Hæstaréttar frá árinu 1970 (XLI bls. 341, 378 og 795), þar sem fjallað var um fjárnámsgerðir.

Í bókun fógeta af lögtaksgerð þeirri, sem hér er fjallað um, kemur fram að gerðarþoli var ekki viðstaddur og enginn þeirra sem greindir eru í 2. mgr. 34. gr. laga nr. 19/1887. Var gerðarþola ekki skipaður réttargæslumaður. Því tel ég að ógilda beri hina áfrýjuðu lögtaksgerð en tel að málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 8. nóvember 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 8. nóvember var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Hverfisgötu 86 og haldinn af fulltrúa borgarfógeta, Þorvaldi Ragnarsyni, með undirrituðum votti.

Fyrir var tekið: Beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að gera lögtak hjá Þuríði Sævarsdóttur fyrir opinberum gjöldum samkvæmt gjaldheimtuseðli nr. 9949-8714, 1984 með áföllnum dráttarvöxtum til 5.11. 1984 samtals kr. 51.347,00, auk áfallandi dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð ef til kemur.

Fógeti lagði fram lögtaksbeiðni, sem rskj. nr. 1 dags. shlj.:

Nr. 1

Fylgir með í ljósriti.

Almennur lögtaksúrskurður hefur verð kveðinn upp og birtur í dagblöðum á tilskilinn hátt.

Gerðarþoli er ekki mættur í réttinum og enginn hans vegna, þrátt fyrir lögmæltar tilraunir fógeta til að fá einhvern til að taka málstað hans.

Var þá skrifað upp: Skv. ábendingu gerðarbeiðanda skv. tölvuútskrift, sem lögð var fram sem rskj. nr. 2, eignarhluti gerðarþola í Hverfisgötu 86, staðgr.: 0000-4490-0860-01-02-01.

Nr 2

Fylgir með í frumriti.

Fallið var frá virðingu.

Samkvæmt ofanskráðu er lögtak gert í ofangreindri eign gerðarþola, til

tryggingar gjaldskuldinni, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Gerðarþola verður tilkynnt um lögtakið.

Upplesið. Gerðinni lokið.

Þriðjudaginn 3. júní 1986.

Nr. 80/1985. **Þuríður Sævarsdóttir**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Skattar. Lögtak. Kvaðarfur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. apríl 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 29/1885. Áfrýjandi krefst þess að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði felld úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með erfðaskrá 26. júní 1964 arfleiddi Thyra Loftsson dóttur-dóttur sína, áfrýjanda máls þessa, að 15/16 hlutum húseignarinnar nr. 19 við Sóleyjargötu hér í borg, en mælti jafnframt fyrir um að eftir fráfalið sitt mætti eigi selja eða veðsetja eignina fyrr en í fyrsta lagi 1998. Thyra Loftsson andaðist 23. október 1970. Við lok skipta á dánarbúi hennar var þinglýst skiptayfirlýsing og var arfur áfrýjanda þar bundinn þeirri kvöð að ekki mætti selja hana eða veðsetja „fyrr en í fyrsta lagi árið 1998.“